

Ár 2011, fimmtudaginn 13. janúar kl: 17:12 kom bæjarstjórn Hveragerðis saman til fundar á skrifstofu bæjarins Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu Unnur Þormóðsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Lárus Kristinn Guðmundsson í forföllum Ninnu Sifjar Svavarsdóttur, Eyþór H. Ólafsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir. Róbert Hlöðversson forfallaðist vegna veðurs.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Forseti bæjarstjórnar, Unnur Þormóðsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

#### Dagskrá:

##### 1. Fundargerðir

1.1. Bæjarráðs frá 6. janúar 2011.

##### 2. Samþykkt um Fráveitu Hveragerðis, síðari umræða.

##### 3. Gjaldskrá Fráveitu Hveragerðis, síðari umræða.

##### 4. Gjaldskrá Vatnsveitu Hveragerðis, síðari umræða.

##### 5. Gjaldskrá fyrir búfjárefirlit í Hveragerði, fyrri umræða.

##### 6. Fundargerðir til kynningar;

6.1. Bæjarstjórnar frá 30. desember 2010.

Hér var gengið til dagskrár

#### 1. Fundagerðir;

##### 1.1. Bæjarráðs frá 6. janúar 2011.

Eftirtaldir tóku til máls: Aldís Hafsteinsdóttir og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

##### 2. Samþykkt um Fráveitu Hveragerðis, síðari umræða.

Lögð fram til síðari umræðu samþykkt um Fráveitu Hveragerðis.

Enginn tók til máls.

Samþykktin samþykkt samhljóða.

##### 3. Gjaldskrá Fráveitu Hveragerðis, síðari umræða.

Lögð fram til síðari umræðu gjaldskrá Fráveitu Hveragerðis.

Enginn tók til máls.

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

##### 4. Gjaldskrá Vatnsveitu Hveragerðis, síðari umræða.

Lögð fram til síðari umræðu gjaldskrá Vatnsveitu Hveragerðis.

Enginn tók til máls.

Gjaldskráin samþykkt samhljóða.

**5. Gjaldskrá fyrir búfjárefirlit í Hveragerði, fyrri umræða.**

Lögð fram til fyrri umræðu gjaldskrá fyrir búfjárefirlit í Hveragerði.

Eftirtaldir tóku til máls: Guðmundur Þór Guðjónsson og Aldís Hafsteinsdóttir.

Samþykkt að vísa gjaldskránni til síðari umræðu.

**6. Fundargerðir til kynningar.**

**6.1. Bæjarstjórnar frá 30. desember 2010.**

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:20

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign).

Aldís Hafsteindóttir, (sign)

Eyþór H. Ólafsson, (sign).

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign).

Lárus Kr. Guðmundsson, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign).